
MARKAÐSPUNKTAR

11. júní 2015

Vísitala neysluverðs hækkar um 0,3% í júní

Við spáum rúmlega 0,3% hækkun vísitölu neysluverðs (VNV) í júní og gangi spáin eftir mun ársverðbólgan standa í 1,6%. Þrátt fyrir að verðbólga mælist enn vel undir verðbólgumarkmiði Seðlabankans er verulegur verðbólguþrýstingur í kortunum, enda ákvað Seðlabankinn nýverið að hækka stýrivexti um 50 punkta og gaf sterklega til kynna að a.m.k. sambærileg hækkun væri í pípunum í ágúst. Búast má við að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði fari að lita verðbólgutölurnar næstu mánuði og þá sérstaklega þá undirliði sem snerta innlenda þjónustu og innlendar neysluvörur.

Hækkun verðlags dreifist þvert á alla undirliði í júní mánuði en helsta hækkunin er ferðaliðurinn að frátöldu eldsneyti (+0,08% áhrif á VNV). Einnig gerum við ráð fyrir að matarkarfan hækki (+0,04% áhrif á VNV) og spilar þar inn í kjötskortur vegna verkfalla og er mögulegt að umsamdar launahækkanir á vinnumarkaði fari að endurspeglast í verðlagi. Aðrar vörur og þjónusta hækka lítillega (+0,03% áhrif á VNV) og sömuleiðis hótel og veitingastaðir (+0,03% áhrif á VNV). Húsnæðisliðurinn hækkar lítið (+0,03% áhrif á VNV) en þinglýsingar eru enn í frosti vegna verkfalla opinberra starfsmanna. Aðrir liðir hækka minna.




Heimild: Greiningardeild Arion banka

Bráðabirgðaspá okkar fyrir næstu mánuði færist upp á við frá því í maí. Við gerum ráð fyrir að verðlag lækki um 0,2% júní í kringum sumarútsölur en hækki svo um 0,4% í ágúst og september og mun ársverðbólgan þá standa í 2,3%.

Helstu atriði í júní spánni:

- **Ferðaliðurinn hækkar ásamt eldsneyti.** Við spáum að ferðaliðurinn að frátöldu eldsneyti hækki um 6% og hafi +0,08% áhrif á VNV. Í maí mánuði var verð á flugfargjöldum til útlanda lægra en í ársbyrjun sem er nokkuð óvenjulegt ef litið er til síðustu ára en þá hefur verðið gjarnan farið hækkandi yfir háannatímann. Skýringin kann að liggja í aukinni samkeppni og lægra eldsneytisverði en við teljum að flugfargjöld muni hækka í júní og júlí mánuði. Samkvæmt okkar mælingum hækkaði eldsneyti lítillega og hefur +0,02% áhrif til hækkunar á VNV. ***Áhrif á VNV: +0,10%***



Heimild: Greiningardeild Arion banka

- **Matarkarfan hækkar.** Umtalsverð hækkun var á matvöru í síðasta mánuði og þá sérstaklega á kjötvörum vegna lítils framboðs í kjölfar yfirstandandi verkfalla. Við teljum að sú þróun haldi áfram en mun minni hækkun verði í júní. Einnig kann að vera að matvöruverslanir séu farnar að búa í haginn fyrir hækkandi launakostnaði þótt ekki sé búið að samþykkja nýundirritaða kjarasamninga. ***Áhrif á VNV: +0,04%***


- **Húsnæðisliðurinn hækkar hóflega.** Gert er ráð fyrir áframhaldandi ládeyðu í þróun húsnæðisverðs sökum þess að þinglýsingar kaupsamninga eru í frosti vegna verkfalla opinberra starfsmanna. Engu að síður gerum við ráð fyrir minniháttar hækkun á greiddri húsaleigu og öðrum undirliðum. ***Áhrif á VNV: +0,03%***

- **Innlend þjónusta og innlendar neysluvörur hækka.** Við spáum því að verðlag á innlendri þjónustu og innlendum neysluvörum fari hækkandi næstu mánuði. Í júní spáum við hækkun á öðrum vörum og þjónustu (+0,03% áhrif á VNV) ásamt hækkun á hótelum og veitingastöðum (+0,03% áhrif á VNV). Að lokum spáum við að tómstundir og menning hækki (+0,03% áhrif á VNV). ***Áhrif á VNV: +0,09%.***

- **Aðrir liðir hækka minna.** Við spáum lítilli hækkun á öðrum liðum s.s. pósti og þjónustu, heilsuvörum og fötum og skóm. ***Áhrif á VNV: +0,04%.***

Teikn á lofti um vaxandi þenslu og verðbólguþrýsting – mun sagan endurtaka sig?

Þegar litið er í baksýnisspegilinn má sjá að hagkerfið hefur áður verið á svipuðum stað og um þessar mundir. Á sama tíma og slakinn í þjóðarbúinu er að hverfa og umfram eftirspurn myndast eftir aðföngum og vinnuafli hefur atvinnuleysi sögulega séð gjarnan farið lækkandi og myndað launaþrýsting á vinnumarkaði. Sjá má á myndunum að neðan að ársbreyting launa hefur gjarnan farið úr 4% og upp í 10% eða meira sem er verulega yfir því svigrúmi sem verðbólgumarkmiðið leyfir. Í kjölfarið myndast verðbólguþrýstingur og ársverðbólgan hækkar í 6% til 9%. Velta má fyrir sér hvor sagan sé að endurtaka sig að þessu sinni.




Heimild: Hagstofa Íslands

Við spáum því að verðbólgan fari hækkandi næstu mánuði og standi í 2,3% í september og fari yfir 3% fyrir árslok. Launakostnaður verður helsti drifkraftur verðbólgunnar næstu mánuði og mun það endurspeglast í verðlagi á innlendri þjónustu og innlendum neysluvörum. Einnig mun sterk eftirspurn þrýsta verðlagi upp á við og ef slökun á aðhaldi í ríkisfjármálum raungerist á haustmánuðum eru allar líkur á að verðbólgan haldi áfram að hækka vel inn á næsta ár.

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Júlí -0,2%.** Sumarútsölurnar hefjast þar sem föt og skór lækka helst í mánuðinum. Á móti er áætlað að húsnæði hækki ásamt ferðaliðnum.
- **Ágúst +0,4%.** Útsöluáhrifin ganga til baka og hafa áhrif til hækkunar en á móti vegur lækkun á ferðaliðnum.
- **September +0,4%.** Sumarútsölur halda áfram að ganga til baka en hækkun verður á matvöru og öðrum innlendum neysluvörum.



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar Arion banka

Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Konráð S. Guðjónsson
konrad.gudjonsson@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson, ábm.
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Hér má finna fyrirvara